

## AUGLÝSING

### um skipulag í Skorradalshreppi.

#### a) Breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps breytingu á deiliskipulagi af sumarbústaðahverfum í Skorradal í Borgarfirði.

1) Í landi Dagverðarness á svæði 3, þann 13. apríl 1998.

Breytingin felst í að lóðir eru sameinaðar og fækkar þeim um þrjár. Einnig er leyfileg hámarksstærð bústaða aukin í 82 m<sup>2</sup> á hverri lóð.

2) Í landi Dagverðarness á svæði 1, þann 3. september 1998.

Breytingin felst í stækkun á lóð 1 úr 2500 m<sup>2</sup> í 5900 m<sup>2</sup>.

3) Í landi Vatnsenda, svæði 5, þann 3. september 1998.

Breytingin felst í því að bætt er við þremur lóðum vestast á svæði 5.

#### b) Nýtt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 3. september 1998 nýtt deiliskipulag af sumarbústaðahverfi í landi Dagverðarness í Skorradal í Borgarfirði.

Um er að ræða svæði 6 samkvæmt aðalskipulagi. Á því eru þrjár lóðir.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi áður samþykkt deiliskipulög af áðurnefndum svæðum.

*Skorradal, 7. júlí 1999.*

F. h. Skorradalshrepps,

**Bjarni O. V. Þóroddsson,**

byggingarfulltrúi Skorradalshrepps.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m. s. br. samþykkt deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi þann 16. maí 1999.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Illugastöðum, 1. júlí 1999.*

F. h. hreppsnefndar Hálshrepps,

**Jón Þ. Óskarsson** oddviti.